

Ed.

473. Nefndarálit

um frumvarp til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Nefnd sú, er hv. Ed. kaus til þess að athuga þetta frumvarp, lítur svo á að hér sé um mikilsvægt nauðsynjamál að ræða. Með frumvarpi þessu er spor, að vísu örllítið, stigið í þá átt, að gjöra barnakennarastarfið fýsilegra. Er vonandi að þeim sporum fjölgi þegar tímar liða og menn sannfærast um, hve afaráráðandi það er, að barnakennarastétt landsins sé skipuð sem beztum og nýtustum mönnum.

Nú sem stendur er barnakennarastarfið yfirleitt lágt launað og mun svo verða fyrst um sinn. Því meiri ástæða er til þess að styðja að því, að styrktarsjóður sá, sem hér er gjört ráð fyrir að stofna, komi sem fyrst að almennum og verulegum notum. Sérstaklega ætti kennurunum sjálfum að vera þetta hugleikið. Í frumvarpinu er svo fyrir mælt, eftir tillögum kennarafélagsins, að árgjöld barnakennara til sjóðsins skuli vera 1% af kennaralaunum þeirra. Þetta er að vísu lítið gjald, en líklega full hátt fyrir þá kennara flesta, sem hafa að árslaunum 500 kr. og þaðan af minna. Nefndin getur því ekki lagt það til að gjaldið sé hækkað á þeim kennurum, er svo lágt eru launaðir. Aftur á móti ættu þeir, sem betur eru launaðir að geta sér að meinalausu látið nokkuð meira af mörkum, og tiltölulega meir sem launin eru hærri. Þeir kennarar, sem hafa yfir 1000 kr. að árslaunum, ættu að geta greitt tvöfalt hærri árgjald en þeir, sem einungis hafa 500 kr. laun eða minna.

Nefndin leyfir sér því að koma fram með breytingu í þessa átt á 2. grein frumvarpsins og vætir þess að hin háttv. deild samþykki frumvarpið með þeirri breytingu.

Breytingartillaga:

2. gr. orðist svo:

Hver sá kennari, sem ráðinn er til kenslustarfa samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóvember 1907 greiðir í sjóðinni á ári hverju 1% af kennaralaunum sínum, séu þau ekki hærri en 500 kr., 1½% séu þau yfir 500 kr. og alt að 1000 kr. og 2% ef þau eru yfir 1000 kr.

Efri deild alþingis 15. apríl 1909.

Jens Pálsson
formaður.

Stefán Stefánsson
skrifari og framsögum.

Jósef Björnsson.